

Upplýsingar um Afreksskóla Hauka

- Afreksskóli Hauka hefur verið starfræktur síðan haustið 2008.
- Sl. ár hafa að meðaltali 65 nemendur á aldrinum 12-15 ára úr öllum boltadeildum Hauka stundað nám við skólann. Eftirspurnin eftir skólaplássi er talsvert meiri en að jafnaði hafa komið inn 100-110 umsóknir á ári. Kynjaskipting nemenda hefur yfirleitt verið í kringum 65% drengir á móti 35% stúlkum, en það endurspeglar nokkurn veginn iðkendur félagsins í heild. Útséð er að ekki er hægt að mæta eftirspurn allra umsækjenda vegna mjög þröngs stakks sem Haukar búa við þegar kemur að æfingátímum. Á hverju hausti er það gríðarlega mikið þúsluspil að koma kennslustundum Afreksskólans fyrir. Miðað við þá miklu eftirspurn sem er til staðar fyrir þessu starfi ætti að vera kominn tími til að setja stokka í stundatöflur unglingsdeilda fyrir valfög sem eru kennd utan skólaveggjanna, líkt og fengist hefur góð reynsla af í Flensborgarskóla.
- Nemendur í 9. og 10. bekk sækja samtals rúmlega 4 kennslustundir á viku allan veturinn (195 mín á viku). Nemendur í 8. bekk hljóta 80 mín af kennslu í hverri viku.
- Veturinn 2013-14 mættu nemendur alls 83 sinnum til kennslu og sátu samtals 137 kennslustundir (5480 mín) yfir veturinn, auk þess sem þrír félagslegir atburðir voru haldnir.
- Allir grunnskólar bæjarins meta nú Afreksskóla Hauka sem tvö valfög.
- Árið 2010 mat áfangastjóri Flensborgarskóla bóklega námsefnið í Afreksskóla Hauka þannig að þeir nemendur sem fá 7 eða hærra, í bóklegu prófunum 7 sem fara fram yfir allan veturinn, fá námið metið sem 2 eininga nám inn í Flensborg.
- Tvisvar sinnum á ári fá allir skólastjórnendur sent yfirlit yfir mætingar og skriflega umsögn. Í maí er formlegu námsmati skilað til skólanna sem samanstendur af einkunn og ítarleg umsögn.

Ítarlegar upplýsingar um Afreksskóla Hauka - Smelltu á slóðirnar

- [Kynningarmyndband fyrir Afreksskóla Hauka](#)
- [Námsskrá Afreksskóla Hauka](#)
- [Kennarar Afreksskólans](#)
- [Nemendur Afreksskóla Hauka og allar upplýsingar um þá](#)
- [Allir fyrirlestrarnir í bóklegu áföngunum](#)
- [Umsagnir og niðurstöður nemenda- og foreldrakönnunar sem við höfum gert sl. 3 ár.](#)
- [Umsagnir nokkra skólastjórnenda grunnskóla Hafnarfjarðar](#)
- [Myndband af Afreksskólaprófunum](#)

Fyrir hönd Afreksskóla Hauka
Kristján Ómar Björnsson
kristjanomar@kristjanomar.com